

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Rofaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum – Matsáætlun	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Svanalands um starfið á síðasta ári	8
Innra mat Svanalands	10
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Þrastalands um starfið á síðasta ári	12
Innra mat Þrastalands	13
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Lóulands um starfið á síðasta ári	15
Innra mat Lóulands	16
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Spóalands um starfi á síðasta ári (fylgirit).....	18
Innra mat Spóalands	18
2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Krummalands um starfið á síðasta ári	21
Innra mat Krummalands	22
3 Ytra mat	25
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	27
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	29
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	31
7 Foreldrasamvinna	32
8 Samstarf leik- og grunnskóla	33
9 Skipulagsdagar.....	34
10 Fylgigögn –	34
10.1 Matsgögn.....	34
10.2 Skóladagatal	34.
10.3 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	34

Starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjungum.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Í ágúst tóku tveir nýjir deildarstjórar við stjórnun á tveimur elstu deildum Rofaborgar. Það eru þær Björk Björnsdóttir og Valgerður Ólafsdóttir. Báðar voru þær í öðru starfi í Rofaborg, Björk sem sérstuðningur og Valgerður sem starfsmaður á eldri barna deild. Björk er með Bed. í grunnskólakennarafræðum með áherslu á kennslu yngri barna. Valgerður er með leikskólaliðamenntun og viðbótar leikskólaliðamenntun. Ingibjörg Guðbrandsdóttir deildarstjóri á Þrastalandi var í veikindarleyfi frá september 2017 – mars 2018. Tveir starfsmenn á Þrastalandi sem jafnframt eru með leikskólaliðamenntun tóku að sér deildarstjórn í fjarveru Ingibjargar.

Tekið var upp nýtt vinnufyrirkomulag deildarstjóra í byrjun september. Deildarstjórar sinna deildarstarfi frá kl. 8. – 14 en taka undirbúningstíma, foreldraviðtöl og sitja fundi og aðra umsýslu sem tengist deildinni frá 14.-16. Undirbúningur fyrir þessar breytingar var gerður með SVÓT greiningu sem allur starfsmannahópurinn tók þátt í á skipulagsdegi. Þar komu fram styrkleikar og veikleikar sem við hugsanlega stæðum frammi fyrir sem og ógnanir og tækfæir sem vert er að nýta og takast á við. Vissulega voru skiptar skoðanir meðal starfsmanna með fyrirkomulagið og nokkur álitamál þurftir að greina og takast á um. Þetta fyrirkomulag hefur nú verið í 10 mánuði og það hefur leitt af sé margfalt heilstæðara og markvissara deildarstarf sem og meiri fagmennsku og gæðum í starfinu fyrir börnin.

Í fyrsta skipti var starfsáætlun skipt í Lotur sem dreifðust yfir skólaárið. Þetta var gert til að þjappa verkefnum betur sama eftir námsþáttum í staðinn fyrir að vera að grauta í öllu á sama tíma.

Loturnar skiptust þannig ;

Lota 1. ... 4. sept. – 13. okt. **Útikennsla. Náttúran og umhverfið.**

Lota 2. ... 16. okt. – 24. nóv. **Málrækt og læsi – Þjóðsögur og ævintýri.**

Lota 3. ... 27. nóv. – 5. jan. **Jólaundirbúningur**

Lota 4. ... 8. jan. – 23. feb. **Vísindastarf.**

Lota 5. ... 26. feb. – 13. apríl. **Málrækt og læsi. Framsögn.**

Lota 6. ... 16. apríl – 1. júní. **Útikennsla. Náttúran og umhverfið.**

Lota 7. ... 4. júní. – júlí. **Sumarstarf**

Starfsmannahópurinn er mjög ánægður með þessa skólapróun. Verkefni í lotunum voru vel undirbúin og skemmtileg. Það er helst vísindastarfið sem þarf að huga betur að og verður það verkefni fyrir næsta vetur. Í byrjun maí lauk lotu 5 með opnu húsi. Þar sýndu deildir afrakstur vinnunnar sem voru söngleikir, dansar og söngvar.

Rofaborg tók þátt í samstarfi við Tónskóla Sigursveins sem lauk með tónleikum í Hörpu. Miklar æfingar lágu að baki tónleikanna og það ber að þakka deildarstjórum á Krummalandi og Spóalandi fyrir þá miklu vinnu.

Í vetur var tekið upp sameiginlegt val fyrir Krummaland og Spóaland sem eru tvær elstu deildirnar. Staðsetning deildanna býður upp á góða samvinnu og með sameiginlegu vali blandast börnin í frjálsum leik. Þau eru flest að fara saman í Árbæjarskóla og því mjög gott að þau leiki saman þvert á deildir. Valið gekk frábærlega vel og gaman að sjá hvað börnin eru orðin örugg og glöð með að fara á aðra deild að leika. Lóuland og Þrastaland hafa verið með flæðidaga á föstudögum og það er verkefni næsta vetrar að Svanaland, þar sem yngstu börnin eru, fari meira út af deildinni sinni.

Í lok september sóttu allir starfsmenn námskeið á vegum Lubbasmiðjunnar, Lubbi finnur málbeinið. Efni námskeiðsins var skapandi og árangursrík vinna með mál, tal og læsi barna. Nokkuð góð vinna hefur verið með efnið í vetur sem hefur styrkt mál- og læsisvinnu leikskólans. Deildarstjóri sótti námskeið í apríl á vegum Greiningarstöðvar, sem heitir hin mörgu andlit einhverfunnar. Sérkennslustjóri sótti námskeið á vegur Greiningarstöðvar. Fjórir leikskólar í Árbæjarhverfi sameinuðust um námskeið í hugrænni atferlismeðferð, sem Sóley Dröfn Davíðsdóttir sálfræðingur á Kvíðameðferðarstöðinni sá um. Námskeiðið var haldið í Rofaborg. Í maí var námskeið fyrir starfsmenn Rofaborgar um næringu, heilsu og hreyfingu sem Gréta Jakobsdóttir frá Heilsuborg sá um. Einn starfsmaður sótt Fagnámskeið 1 og 2 sem stóð í 5 mánuði. Gaman er að segja frá því að tveir starfsmenn eru á leið í leikskólakennaranám. Það eru starfsmenn sem eru með aðra háskólamenntun og ætla sér að fara í Master í leikskólakennarafræðum.

2 Um innra mat í leikskólum

Langtíma matsáætlun 2018-2021

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
<u>Stjórnun</u>				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X	
Stjórnun leikskólans og Daglegur rekstur	X		X	
Faglegt samstarf	X		X	
Leikskólaþróun og starfsþróun	X		X	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X
<u>Uppeldis og menntunarstarf</u>				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti þátttaka barna	X		X	
Námsvið leikskólans		X		X
Leikskóli án aðgreiningar		X		X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X
<u>Mannauður</u>				
Hlutverk leikskólakennara		X		X
Fagmennska starfsfólks	X	X	X	X
Starfsánægja	X	X	X	X
<u>Leikskólabragur</u>				

Viðmót og menning		X		X
Velferð og líðan barna	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	X	X	X	X
Viðhorf foreldra		X		X
<u>Innra mat</u>				
Framkvæmd		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X
Opinber birtingur og umbætur		X		X



2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Svanalands um starfið á síðasta ári

Börnin á Svalalandi eru 18. Þau eru á aldrinum **18 mán til 3 ára**. Þau tóku þátt í hópastarfi, Könnunarleik, frjálsum leik, samverustundum, málörvun, söng, sögustundum, Lubba stundum, hreyfingu í lðu og útivera.

Hópastarf: Þau fara í hópastarf einu sinni í viku, þeim er skipt í 4 hópa og 4-5 börn í hverjum hóp. Við erum með hópastarf á mánudögum og þriðjudögum. Það eru tveir hópar á mánudögum annar í Könnunarleik og hinn í myndlist. Og á móti fara hin börnin í útiveru. Þessar stundi eru gæða stundir fyrir barnið þá fær það að njóta sín í litlum hóp. Við vinnum með þema "Ég sjálfur og líkaminn,, svo tökum við litapema líka. Það eru alltaf tveir starfsmenn með börnunum í myndlist og einn starfsmaður í Könnunarleik og svo fara tveir starfsmenn í útiveru með hinum börnunum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst okkur vel. Börnin vinna bæði með líkamann í huga og einnig litinna, svo mála þau líka frjálst eins og þau vilja. "Ég sjálfur og líkaminn,, "Litapema,,

Könnunarleikur: Börnin eru 4-5 í hóp og einn hópstjóri. Þau leika sér með verðlaust dót, í þessum leik eru börnin að rannsaka hvernig hlutirnir virka. Þau eru með keðjur, plastdósir stórar og litlar, áldósir stórar og litlar, lykla, pappahólka stóra og litla, hringi og tvinnakefli. Þeim finnst þessi leikur spennandi og dunda sér vel í honum. Í þessum leik læra þau mörg hugtök eins og dósir er fyrir aftann þig, lyklarnir eru undir ofninum og þess háttar. Þau læra skiptast á hlutum og sjá hvernig hlutirnir virka. Setja keðjur ofan í dósir og renna þeim í gegnum pappahólka, raða dósir og lemja í þær svo myndis hljóð. Tiltektin er hluti af leiknum þá læra þau ýmis hugtök. Réttu mér áldósina, lyklarnir eru fyrir aftan þig og fl.

Hreyfistund: Á miðvikudögum og fimmtudögum fara börnin í lðu. Þeim er skipt í tvo hópa Guli kjarni og Rauði kjarn og 2-3 starfsmenn með. Það er lögð áhersla á að börnin fái fjölbreytta og góða hreyfipjálfun í lðu. Börn á þessum aldri hafa mikla þörf fyrir hreyfingu og finnst mjög gaman að fara í lðu. Þessar stundir eru stundum skipulagðar með hreyfipörf þeirra og getur í huga. Svo eru þær líka frjálsa þannig að börnin fá að velja sjálf hvað þau gera.

Frjálsleikur: Börnin á Svalalandi leika sér í frjálsumleik bæði fyrir og eftir hádegi. Þá fá börnin að velja sér hvað þau vilja leika sér með. Það er ýmiskonar efniviður í boði fyrir þau, bæði sem þjálfar fínhyfingar og sem styrkir þau í félagslegum leikjum. Við blöndum börnunum á deildinni í frjálsaleiknum þau fá að velja sér hvar þau vilja vera. Þeim er oftast skipt í litla hópa á fjórum svæðum og starfsmenn eru með á svæðunum til að liðsinna þeim og kenna.

Samverustundri: Þær eru tvisvar á dag f.h. og e.h. Fyrir hádegi eru við með söngstund, litina, Lubbastun og svo förum við í líkamann, þar að segja börnin læra að þekkja sinn líkama, eins og hvar

eru augun, eyrun, nefið og fl. þannig læra þau á allan líkamann sinn, þetta er endurtekið oft yfir veturinn. Börnin syngja líka alltaf á hverjum degi. Í Lubba stundinni tókum við fyrir bókstafi barnanna og kennara, einn bókstaf á viku við hljóðum hann táknum og syngjum um hann. Þannig lærðu börnin alla stafina táknið og hljóð þeirra. Flest öll börnin þekktu stafina og hljóð þeirra eftir veturinn. Þegar við prufuðum að gera bara hljóð eins og t.d. S- hljóðið þá vissu þau hver átti stafinn (Seifur Sölvi) sögðu þau. Alveg magnað hvað svona lítil börn eru fljót að læra. Þetta verkefni var prufu verkefni hjá okkur sem sló í gegn. Litirnir eru teknir fyrir eftir áramót þá er litabema hjá okkur þá læra börnin að þekkja litina sem ætlast er til að börn að þriggja ára eigi kunna. Við höfum farið eftir orðaforðalistanum. Börnin í vetur voru mjög dugleg að læra litina og fl. E.h. er sögustund og málörvun það er alltaf lesið fyrir börnin á hverjum degi. Í málörvun erum við með myndir sem unnar eru upp úr orðaforðalistanum. Börnin skoða myndir með okkur og eiga segja okkur hvað er á þeim. Þetta finnst þeim skemmtilegt að gera og eru mjög áhugasöm. Þannig læra þau orðin sem ætlast er til af þeim, þau eru mörg og flókin. Við setjum alltaf upp á töflu orðalist fyrir foreldra svo þeir geti fylgst með hvað við erum að vinna með hverju sinni. Við setjum líka upp bókstafina sem við erum að vinna með.

Útivera: Börnin fara í útiveru f.h ef þau eru ekki í hópastarfi eða hreyfistund. E.h. fara þau öll út ef veður leyfir. Yfir sumartímann er mikil útivera. Við erum með tvo hópa sem skiptas á að fara í göngutúr einu sinni í viku yfir sumartímann þegar hópastarfið er hætt. Í þessum göngutúrum þjálfast upp styrkur og þol hjá þeim.

Starfsfólkið á Svanalandi hefur lagt sig allt fram við að þjálfar börnin í þessum verkefnum. Við erum ánægðar með okkar vinnu í vetur.

Ég vill taka fram að við vorum með eitt stuðningsbarn í vetur sem Harpa var með og sinnti mjög vel. Árangurinn er frábær og hef ég sjaldan séð þvílík framför hjá einu barni. Það var passað vel upp á að vinnustundir féllu ekki niður hjá honum. Það voru allir tilbúnir til að aðstoða okkur við það. Ef Harpa var fjarverandi þá tók deildarstjóri við og sinnti því.

Kv. Elín Jónsdóttir
deildarstjóri á Svanalandi

Innra mat Svanalands

Það var gert tvenns konar mat á skólaárinu, í janúar og í maí.

Nám barna gegnum leik.

Viðmið um gæði;

Börnin taka þátt í öllu því sem leikskólastarfið hefur upp á að bjóða.

Efniviður til leikja er aldurssvarandi á deildum og býður upp á skapandi nám.

Börnin eiga möguleika á vali.

Gott jafnvægi er á milli frjálsra leikja og athafna sem stjórnað er af fullorðnum.

Samtöl starfsfólks við börnin í leiknum byggja upp sjálfstraust og eru hvetjandi.

Spurningar til barna eru faglegar. Hlustað er á svör barnanna og þau notuð á gagnlegan hátt.

Niðurstöður matsins;

Með góðu skipulagi er leitast við að taka tillit til allra. Hafa litla hópa í leik og starfi. Námsgögn og leikföng eru valin með aldur og þroska barna í huga til að efla þroska og félagsfærni þeirra. Efniviður sem býður upp á skapandi nám er litir, málning og annar efniviður til myndsköpunar. Kubbar, perlur, pinnar og leir. Börnin velja á milli fjölbreyttra svæða í frjálsum leik. Jafnvægi er á milli frjálsra leikja, hópastarfs, leikfimis, útiveru og samverustunda. Til að ýta undir sjálfstraust barnanna eru þau hvött til að klæða sig sjálf og þau eru hvött til sjálfsbjargar. Starfsmenn leggja sig fram við að vera góðir hlustendur barnanna, tala við þau af virðingu og virða það sem börnin eru að segja.

Fagmennska starfsmanna

Viðmið um gæði

Stafna leikskólans birtist í starfi á deildum

Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans.

Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum.

Faglegur metnaður einkennir starf deilda.

Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt.

Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda.

Starfsfólk sækir símenntun.

Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvort annað.

Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra eru börnin, nám þeirra og staða.

Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið.

Stefna leikskólans endurspeglar starfið á deildinni. Í frjálsum leik, í könnunarleik, myndsköpun, samverustundum og málörvun. Börnin fá að velja sér efnivið til að leika með, þau læra í gegnum leik og við fullorðna fólkið á deildinni leggjum áherslu á að hafa falleg og gefandi samskipti við börnin. Starfsfólk deildarinnar er mjög ánægt með markmið og stefnu Rofaborgar. Það er sátt við framkvæmdina sem lýsir sér í því að allir eru fúsir til að vinna eftir stefnu skólans. Faglegur metnaður starfsmanna birtist í því að starfafólk deildarinnar leggur sig fram við að börnunum líði vel og framvinda í proska og námi sé góð. Dagskipulag deildarinnar inniheldur markmið og stefnu Rofaborgar og faglegur metnaður birtist einnig í því að farið er eftir dagskipulaginu. Samstarf og samábyrgð á deildinni er þannig háttað að allir vita hvað er ætlast til af þeim og skipulagt starf er sýnilegt á deildinni. Það er frekar lítið samstarf milli Svanalands og annarra deilda. Hins vega eiga starfsmenn gott samstarf á þann hátt að það eru allir tilbúnir til að aðstoða er á þarf að halda og ef leitað er til þeirra.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka flæði milli deilda	Að börnin á Svanaláni fái tækifæri á að heimsækja aðrar deildar. Þá fá þau líka tækifæri til að kynnst börnunum betur á öðrum deildum.	Með því að leyfa börnunum að fara einu sinni í viku í heimsókn á aðrar deildar. Setja þarf upp kerfi hvernig það er gert. T.d. 3-4 börn í hóp og einn kennari með. Svo geta börn frá öðrum deildum komið til okkar 3-4 og kennari með.	Plan fyrir haustið 2018 og til vors 2019 T.d. er hægt að nota föstudaga e.h. það má líka nota þetta kerfi þegar ekki er hægt að fara út vegna veðurs.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar.	Rýnihópur starfsmanna. Endurmeta t.d. eftir 1-2 mánuði.	Að börnin verði öruggari með sig þegar þau flytjast á milli deilda á haustin. Svo fá þau líka tækifæri á að kynnst öðrum börnum á öðrum deildum.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Þrastalands um starfið á síðasta ári

Deildarstjóri Þrastarlands var í veikindaleyfi frá september 2017 – apríl 2018. Tveir starfsmenn deildarinnar skiptu á milli sín deildarstjórastöðunni.

Börnin á Þrastalandi veturinn 2017 - 2018 voru 16, 12 fædd 2014 og 4 fædd 2015.

Hópastarf: Börnunum er skipt upp í 4 aldursskipta hópa, 4 börn í hverjum. Hver hópur fer einu sinni í viku í hópastarf með sínum hópstjóra sem fylgir hópnum allan veturinn. Markmiðið með hópastarfi er að efla hópkennd barnanna, að þau læri að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Í hópastarfi er unnið með þema s.s. „Ég sjálfur, líkaminn minn og fjölskyldan mín“, „Litavíkur“ og „Vísindastarf“. Hvert þema getur tekið frá 4 vikum og upp í 8 vikur, þar sem þemað er ígrundað frá hinum ýmsum hliðum og í skapandi starfi.

Könnunarleikur: Könnunarleikur (heuristic play with objects) er aðferð til kennslu fyrir yngstu börnin. Þau voru 4 í vetur, fædd 2015, og fóru einu sinni í viku í könnunarleik með hópstjóra sínum. Þar léku þau sér með verðlausan efnivið s.s. áldósir og plastdósir í mismundi stærðum, pappahólka, keðjur, lykla, lyklakippur, plasthringi, tvinnakefli ofl. Markmiðið með leiknum er að börnin fái útrás fyrir meðfædda forvitni, læri að nota hugtök og efla einbeitingu og skynjun. Börnin fá tækifæri til að þroska athyglisgáfu sína, leikurinn felur í sér mikla örvun á málþroska, þar sem barnið lærir að tengja orð við hluti með því að kynnast eðli þeirra í gegnum öll skilningarvitin.

Hreyfistund: Öll börnin fóru einu sinni í viku í hreyfistund. Þeim var skipt í 2 hópa, 8 börn í hvorum, . Markmiðið með hreyfistundinni er að efla hreyfiþroska barnanna og þau fái fjölbreytta og markvissa hreyfingu s.s. með þrautabrautum, boltaleikjum, jafnvægisæfingum, hreyfileikjum ofl. Einnig nýtum við kennsluefnið „Leikur að læra“. Í hreyfistundinni læra börnin að bíða eftir að röðin komi að þeim og að taka tillit til hvers annars.

Frjáls leikur: Frjálsi leikurinn var stór þáttur í dagskipulagi Þrastalands. Þar sem börnin fengu að velja sér verkefni sem þau vilja leika sér með í misstórum hópum. Börnin læra í gegnum leikinn og hann eflir alhliða þroska þeirra og þau tjá sig og fá útrás fyrir tilfinningar og hugmyndaflug.

Útivera: Útivera er einnig mikilvægur þáttur í dagskipulaginu en þar fá börnin útrás og efla grófhreyfingar. Yfir vetrartímann er farið út að minnsta kosti einu sinni á dag en á sumrin eykst útiveran til muna. Við nýtum okkur frábæra staðsetningu leikskólans við Elliðaárdalinn til gönguferða og útikennslu.

Samverustund: Börnin fóru tvisvar á dag í samverustund, á morgnanna og fyrir hádegismat. Í samverustundinni á morgnanna fá börnin ávaxtabita og síðan er söngstund í framhaldi, þar sem þau læra hina ýmsu söngtexta með og án hreyfinga. Í samverustundinni fyrir hádegismatinn er sögustundir þar sem lesnar eru ýmsar sögur og ævintýri. Einnig er unnið með kennsluefnið „Lubbi og málbeinið“ þar sem börnin læra stafina – hljóðin – táknið og fara í leiki tengt efninu. Börnin voru mjög áhugasöm og voru fljót að læra stafina og tileinka sér hljóðin og táknið.

Innra mat Þrastalands

Það var gert tvenns konar mat á skólaárinu, í janúar og í maí.

Nám barna gegnum leik. (sömu viðmið og að ofan)
Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

Niðurstöður matsins;

Börnin á Þrastalandi fá að velja sér viðfangsefni í frjálsum leik. Þau taka þátt í öllum viðfangsefnum sem boðið er upp á. Innan dagskipulagsins er hópastarf, könnunarleikur, leikfimi í lðu, samverustundir og útikennsla. Það sem betur má fara er að bæta við sögustundum seinni partinn, eftir hádegi.

Efniviður er nokkuð aldurssvarandi en það kom fram að hann mætti vera flölbreyttari og bjóða upp á meira skapandi nám.

Börnunum er hrósað á viðeigandi hátt. Þau eru hvött til að reyna sjálf og að leggja sig fram.

Starfsfólk notar opnar spurningar í samtölum við börnin. Það kom fram að starfsfólk mætti vera virkara í að eiga fagleg og uppbyggjandi samtöl við börnin.

Fagmennska starfsmanna. (sömu viðmið og að ofan)
Viðmið um gæði. (sömu viðmið og hér að ofan)

Niðurstöður matsins;

Stefna skólans birtist í því að starfsfólk sýnir börnunum umhyggju og hlýju. Það mætir þörfum hvers barns og það leggur áherslu á að þau verði sjálfbjarga og öðlist góða sjálfsmynd með því að taka sjálfstæðar ákvarðanir og hvetja þau til sjálfshjálpar. Starfsfólk er ánægt með stefnu Rofaborgar og það gengur vel að fylgja henni. Við sjáum það á vellíðan og gleði barnanna og góðum anda í starfsmannahópnum. Í öllu starfi deildarinnar er unnið að því að efla alhliða þroska barnanna.

Dagskipulag viðheldur góðu rennsli á frjálsum og skipulögðum stundum. Börnin þekkja það vel og það veitir þeim öryggi. Starfsfólk sýnir ábyrgð á vinnu sinni og það er það ræðir saman jafn óðum og leysir þau mál sem hugsanleg koma upp. Á föstudögum er flæði milli Lóulands og Þrastalands en það

mætti heimsækja aðrar deildir oftár. Starfsmenn er viljugt að hjálpa til á öðrum deildum ef þess gerist þörf. Símenntun hefur verið á skipulagsfögum leikskólans en þess utan hafa starfsmenn þrastaland ekki sótt símenntun. Deildarfundir eru reglulega tvisvar í mánuði í 1 kls. í senn. Einnig eru deildarfundir á skipulagsdögum. Þar er fjallað um skipulagða starfið og staða og framfarir barnanna. Nýjar hugmyndir fá tækifæri og er yfirleitt vel tekið.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Styrkja börnin til sjálfs- bjargar.	Að börnin verði meira sjálfbjarga: s.s. að klæða sig í og úr útifötum, við að brytja og smyrja í matartímum og að bjarga sér á wc.	Við hvetjum þau til að reyna og gera sjálf, gefum þeim lengri tíma og þolinmæði.	Byrjum haustið 2018 til vors 2019.	Sameiginlegt verkefni deildarstjóra og starfsfólks.	Könnun: Skráum getu barna að hausti og að vori.	Að börnin geti bjargað sér sjálf í fataklefa, í matartímum og á wc..



2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Lóulands um starfið á síðasta ári

Á Lóulandi veturinn 2017-2018 voru 18 börn, tvö þeirra eru fædd 2013, ein stelpa sem byrjaði um ármótin 2018 og einn strákur. Hin börnin¹⁶ eru fædd 2014, 12 strákar og 4 stelpur. Öll átján börnin komin ný inn á deildina í júní og ágúst og því fór ágúst mest megnis í að kynnast. Starfsfólk að kynnast nýjum börnum og börn að kynnast nýju starfsfólki.

Skólaárinu var skipt upp í sjö lotur sem við unnum eftir í öllu okkar faglega starfi. Í fyrstu lotunni „Útikennsla- náttúran og umhverfið“ lögðum áherslu að fara í útikennslu einu sinni í viku þar sem börnin lærðu að þekkja umhverfi sitt og gerðu hin ýmsu verkefni úti í náttúrunni.

Önnur lota var „Málrækt og læsi- Þjóðsögur og ævintýri“. Við völdum að vinna með ævintýrin um Rauðhettu og Hans og Grétu. Við lásum sögurnar með krökkunum og útskýrðum fyrir þeim boðskap þeirra: að vara sig á ókunnugum og að hlýða foreldrum sínum. Einnig unnum við myndlistarverkefni upp úr þeim.

Þriðja lota var „Jólaundirbúningur“. Þá föndruðum við, teiknuðum og unnum hin ýmsu jólaverkefni.

Fjórdða lota var „Vísindastarf“. Þá unnum við í þrjár vikur með stöðurafragn, þar sem við gerðum ýmsar tilraunir því tengdu og þrjár vikur með himingeiminn, þar sem við fræddumst um sólkerfið. Við útbjuggum pláneturnar í sólkerfinu og settum sólkerfið upp í fataklefanum okkar.

Fimmta lota var „Málrækt og læsi- framsögn“. Þá æfðum við lagið „Minkurinn í hæsnakofanum“ við gítarspil eins starfsmanns Lóulands. Leikmunir voru dýragrímur sem börn og starfsfólk útbjuggu saman. Þegar æfingum var lokið fluttum við síðan lagið fyrir foreldra á opnu húsi í byrjum maí og fyrir eldri borgara í Árbæjarkirkju um miðjan maí. Krakkarnir stóðu sig með mikilli þrýði við flutning lagsins fyrir áhorfendur.

Í sjöttu lotu: „Útikennsla- náttúran og umhverfið“ og sjöundu lotu: „Sumarstarf“ er lögð áhersla á göngutúra einu sinni í viku og útikennslu einu sinni í viku, þar sem hin ýmsu verkefni eru unnin.

Dagskipulagi deildarinnar var skipt í: hópastarf, lðu (íþróttir), Regnbogi (myndlist), leikur að læra, útikennsla og vísindastarf. Hér á eftir er stutt samantekt á hverjum þætti faglega starfsins:

Öll börnin fóru í hópastarf einu sinni í viku í vetur þar sem unnið var eftir þeim sjö lotum sem skólaárinu var skipt upp í ásamt því að vinna með liti, form, stafina okkar, numicon stærðfræðikubba, ásamt því að æfa fínhyfingar.

Börnin fóru í lðu einu sinni í viku þar sem farið var í þrautabrautir, boltaleiki og íþróttaleiki. Regnbogi var einu sinni í viku en þar fékk listsköpun barnanna að njóta sín. Leikur að læra að var einu sinni í

viku en þar var lögð áhersla á liti, stafi, tölustafi, form og húsdýrin. Útikennsla var einu sinni í viku í byrjum haustsins og núna í vor. Í vetur var útikennsla aðra hverja viku á móti vísindastarfi. Vísindastarf var aðra hverja viku frá miðjun október fram í apríl. Unnið var með stuttar tilraunir sem m.a. voru tengdar litablöndun, loftflæði og þyngd hluta auk þess að útbúið var lítið eldgos. Við höldum að auki áfram með verkefnið okkar „Sýna og segja frá“ sem felur í sér að æfa börnin í að tjá sig fyrir framan hin börnin. Þau fara með poka heim og koma með hlut í pokanum til baka sem þau sýna og segja hinum börnum frá. Unnið var með þetta verkefni í þemum í vetur þar sem fyrsta

Innra mat Lóulands –

Nám barna gegnum leik. (sömu viðmið og að ofan) Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

Okkar mat

Við teljum okkur standa vel varðandi efnivið barnanna. Hann er bæði skapandi og aldursvarandi fyrir börnin. Hjá okkur er gott jafnvægi milli frjálsra leikja og stjórnaðra athafna og við stöndum vel varðandi það að börnin taki þátt í því sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Það gera þau öll eftir getu og eigin forsendum af þeim fjölbreytta efnivið sem við bjóðum uppá. Starfsfólk notar jákvæða styrkingu, uppbyggjandi samtöl og faglegar samræður við börnin til að ýta undir sjálfstraust barnanna. Við teljum að við getum staðið betur í möguleikum barnanna í vali. Við höfum nú þegar byrjað umbótaáætlun á þeim þætti.

Fagmennska starfsmanna. (sömu viðmið og að ofan) Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

Okkar mat

Við teljum Rofaborg með góða stefnu og gjöfug markmið. Við teljum stefnuna birtast með því að frjálsi leikurinn fær gott svigrúm og börnin fá að þróast í leiknum auk þess sem þau fá ákveðið svigrúm til að gera sjálf og að læra að að bjarga sér. Við værum þó oft á tíðum til í rýmri tíma til að leyfa börnunum meiri sjálfshjálpi t.d. í fataklefa og matartíma.

Með breyttum undirbúningstíma deildarstjóra og breyttum fundartímum finnst okkur faglegur metnaður hafi aukist, það fellur sjaldnar niður og búinn hefur verið til fyrir faglega starfið. Samstarf hefur gengið ágætlega innan deildar, þar sem allir eiga að þekkja sitt hlutverk. Við teljum okkur þó mega bæta okkur í að benda hvort öðru á hvað við getum gert betur. Við sækjum símenntun eins og kostur er. Samstarf milli deilda hefur aukist með opnum deildum milli Lóulands og Þrastalands á föstudögum. Við erum einnig opnari fyrir að athuga hvort öðrum vanti aðstoð.

Deildarfundir eru haldir reglulega og nýttir vel í umræður og skipulags faglegs starfs. Okkar mat er að við séum almennt frekar opinir fyrir nýjungum og þær ræddar, en við getum þó alltaf staðið okkur betur að vera opin fyrir nýjungum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Val barnanna	Að börnin komi meira að vali í frjálsum leik.	Þau börn sem eru þjónar hvern dag fá að velja leikefni upp á töflu. Börnin velja síðan hvar þau vilja leika.	Hófst í janúar 2018 og lýkur í desember 2018.	Deildarstjóri ber ábyrgð og felur starfsmönnum umsjón með leyfa þjónunum að velja dag hvern	Rýnihópur á deildarfundi. Hvernig gekk? Hvað má betur fara? Viljum við halda þessu áfram?	Fá öll börnin jöfn tækifæri að velja? Eykur þetta ánægju þeirra af leik?
Meira samstarf milli deilda	Að börnin fái að kynnast öðrum deildum leikskólans.	Starfsmaður fer með 4 börn í heimsókn á aðra deild til að leika. Önnur 4 börn koma í staðinn af annari deild með öðrum starfsmanni.	Október 2018- desember 2018	Deildarstjóri ber ábyrgð og felur starfsmönnum að framkvæma.	Rýnifundur á deildarfundi og deildarstjóra- fundi.	Meira samstarf milli deilda
Faglega starfið	Nýta hæfileika starfsfólks betur í starfi	Ef þú ert sterkur í einhverju hefur þú yfirumsjón með því.	Septembe r 2018- maí 2019.	Deildarstjóri	Rýnihópur á deildarfundi.	Fá allir jöfn tækifæri?
Uppbyggile g gagnrýni.	Að benda uppbyggilega á hvað betur má fara hjá öðrum starfsmönnum í starfinu.	Leiðbeinum jákvætt	Septembe r 2018- maí 2019.	Allir starfsmenn framkvæma	Með könnun sem deildarstjóri útbýr.	Ef könnun kemur illa út þarf að ræða þetta á deildarfundi.

2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Spóalands um starfið á síðasta ári

Greinargerð deildarstjóra Spóalanda fylgir með í sér greinargerð.

Innra mat Spóalands

Nám barna gegnum leik. (sömu viðmið og að ofan)
Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

Okkar mat

1. Hvernig taka börnin þátt í öllu því sem leikskólinn hefur upp á að bjóða?
 - Með góðu skipulagi. Einstaklingsmiðaðar og fjölbreyttar „kennsluaðferðir“ og umhverfi við hæfi
2. Hvernig er tryggt að efniviður barnanna sé aldurssvarandi?
 - Fjölbreyttur efniviður. Vera dugleg að prófa og auka kröfur. Byrja einfalt og byggja ofan á.
3. Hvaða efniviður býður upp á skapandi nám?
 - Einfaldur efniviður eins og kubbar. Bíður upp á notkun, ímyndunarafl og sköpun. Hlutverkaleikur býður einnig upp á sköpun.
4. Á hvaða hátt eiga börnin möguleika á vali?
 - Við erum með framúrskarandi skipulag á vali.
5. Hvernig er jafnvægi milli frjálsra leikja og athafna sem er stjórnað af fullorðnum?
 - Gott. Stundum þurfum við að grípa inn í góða leiki með skipuögðu starfi.
6. Hvernig er ýtt undir sjálfstraust barnann í samtölum við þau?
 - Hrós. Áhugi virk hlustun. Láta þau finna að þau er jafningjar í samræðum. Endurtaka. Grípa þau góðu.
7. Hverjar eru faglegar spurningar til barnanna?
 - Opnar. Einfaldar.

Fagmennska starfsmanna. (sömu viðmið og að ofan)
Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

1. Hvernig birtist stefna Rofaborgar í starfi á deildum?

Börnin eru hvött til sjálfshjálpar.. Fataklefi, klósett, matartími, samskipti, leysa vandamálin sín sjálf. Leitum okkar viðeigandi fagaðstoðar eftir þörfum barnsins. Eflum sjálfstraust barnanna með miklu hrósi fyrir það sem vel gengur.
2. Hversu ánægt er starfsfólk með markmið og stenfu Rofaborgar?

Við erum ánægð og teljum þau raunhæf. Þarf að vera skýrara hvaða verkfæri á að nota. Of mikið.
3. Hversu ánægt er starfsfólk með framkvæmd stefnunnar í Rofaborg?

Við teljum okkur ná að vinna eftir stefnunni í ca. 80% tilfella. Hin 20% má tengja við mannekleu og erfiðar starfsaðstæður.

4. Hvernig birtist faglegur metnaður í starfi deilda á Rofaborg?
Dagskipulagi og vilja til að leita í reynslu og þekkingu innan sem utan leikskólans. Metnaður við að fylgja því og breyta ef þarf og meðvitund um dagskipulagið.
5. Hvernig er samstarfi og samsábyrgð innan deilda háttað?
Allir bera jafna ábyrgð. Eru allir meðvitaðir um sitt hlutverk og sína ábyrgð?
Og fá að vinna feftir áhugasviði---Stundum virkar það ekki.
6. Hvernig er samstarfi barna og starfsfólks milli deilda háttað?
Með samræðum. Mikil tjáning og kennsla á samskiptaleiðum. Ná athygli barnanna með snertingu og skýrum skilaboðum. Vera í þeirra hæð. Stafsmenn eru fyrirmyndir í samskiptum.
7. Hversu mikið sækja starfsmenn í símenntun?
Það fer eftir framboði og sýnileika námskeiða. Margir eru til en það er spurning hvað er í boði.
8. Hversu mikið leiðbeinir, hvetur og styður starfsfólk hvort annað?
Vel
9. Hversu reglulega eru deildarfundir og er innihald þeirra í samræmi við gæðaviðmið?
Reglulega—tvisvar í mánuði. Innihald eftir þörfum deildar hverju sinni.
10. Hvernig er tekið í hugmyndir starfsmanna um nýjungar í starfsháttum á deildum og í leikskólastarfinu í heild?
Vel að mestu leyti.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Þátttaka barna í öllu sem leikskólinn hefur upp á að bjóða	Að öll börn geti tekið þátt í því sem leikskólinn hefur upp á að bjóða.	Gott skipulag og bæði einstaklings- miðaðar og fjölbreyttar kennsluaðferð um. Hjálpa börnum sem þurfa aðstoð við að taka þátt.	Hefst með gerð skipulags og stendur yfir önnina.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi og vali á aðferðum og allir starfsmenn deildar fylgja, meta og breyta eftir þörfum.	Rýnihópar. Rætt og metið á deildarfundu m.	Að börn séu fær og örygg í að taka þátt í starfinu og daglegum athöfnum.
Aldurs- svarandi efniviður	Að börnin fá verkefni sem hæfa þroskastigi og ögra á sama tíma.	Endurmetum það sem í boði er inni á deildum og skiptum út ef þörf krefur.	Hefst með gerð skipulags og stendur yfir önnina.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi og vali á aðferðum og allir starfsmenn deildar fylgja, meta og breyta eftir þörfum.	Rýnihópar. Rætt og metið á deildarfundu m	Að börnin þroskist og auki viðeigandi færni með hjálp þess efniviðs sem í boði er.
Efniviður býður upp á skapandi nám	Að börnin fái tækifæri á að skapa sitt eigið, frjógva ímyndurnaraflíð og tjá sig með sköpun.	Auka efnivið sem býður upp á sköpun og nýta betur það sem til er.	Hefst með gerð skipulags og stendur yfir önnina.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi og vali á aðferðum og allir starfsmenn deildar fylgja, meta og breyta eftir þörfum.	Rýnihópar. Rætt og metið á deildarfundu m	Að börnin séu óhrædd við að tjá og skapa sínar eigin tilfinningar og kunni að meta eigin sköpun.
Jafnvægi milli frjálsra leikja og stjórnaðra athafna	Að grípa minna inn í frjálsan leik þegar vel gengur og gefa börnunum meira val um hvað sé í boði	Sveigjanleiki og tækifæri á að halda áfram og breyta út af plani ef vel gengur. Inngrip á réttum tíma ef illa gengur.	Hefst með gerð skipulags og stendur yfir önnina.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi og vali á aðferðum og allir starfsmenn deildar fylgja, meta og breyta eftir þörfum.	Rýnihópar. Rætt og metið á deildarfundu m.	Að börnin njóti sín í frjálsu leik án inngrips frá fullorðnum ef völ → Læri í gegnum leik.
						9. júlí, 2018

2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Krummalands um starfið á síðasta ári

Síðasta skólaár gekk mjög vel, loturnar gengu frábærlega fyrir utan vísindarstarfið, en seinni vikuna misstum við dampinn, sem við bætum úr næsta skólaár.-

Skólahópur:

Tvisvar í viku voru skólastundir, þar sem farið var í verkefnabækur fyrir áramót í bókstafi og markvisst unnið með að kenna þeim stafina og að skrifa nafnið sitt. Eftir áramót fórum við í stærfræði til að kenna þeim grunnin í tölustöfum, eins að geta talið frá 1-20 og vita hvað er á bakvið hvern tölustaf þessar stundir hafa gengið mjög vel og eru börnin flest búin að klára báðar bækurnar.

Lesið var fyrir hópinn sér fyrir áramót og farið í framhaldssöguna Bróðir minn ljónshjarta sem gekk ágætlega.

Skólahópurinn fór mikið á söfn og vettvangsferðir sem er búið að kenna þeim heilmikið í tillitsemi, kurteisi og ég tala nú ekki um fræðsluna sem þau hafa fengið. Þau tóku líka þátt í tónskólaverkefni með öðrum leikskólum sem endaði með tónleikum í hörpunni

Eins fóru þau í myndlist og hreyfingu 1. sinni í viku.

Pönduhópur (Yngri Hópur):

Var í framsögn, hreyfingu, myndlist, útikennslu og leikur að læra og gekk mjög vel með þau, hefði viljað meiri áheyrslu á leikur að læra, en við bætum úr því næsta vetur, eins eru nokkur börn fædd 2013 í vinnustundum í hádeginu þar sem hefur verið lögð áheyrsla á fínhyfingar, bókstafi og tölustafi til að sjá styrkleika og æfa þau sem þurfa á því að halda. Börnin voru mjög áhugasöm um skólatengd verkefni þannig þau fengu vinnubækur fyrir áramót sem vakti mikla lukku.

Starfið á deildinni hefði ekki gengið svona vel nema útaf frábæra fólkinu sem vinnur þar með mér, auðvitað hafa komið upp ágreiningsmál og áhyggjur en með hjálp og handleiðslu yfirmanna hafa þessi mál verið afgreidd á faglegan hátt. Starfsfólkið er áhugasamt og með metnað fyrir því að hlutirnir séu unnir á faglegan og farsælan hátt hvort sem það sé tengt börnum, foreldrum eða starfinu.

Eins og gengur og gerist er barnahópurinn oft krefjandi, en við höfum staðið saman, leitað aðstoðar og stutt hvor aðra þegar við erum orðnar langþreyttar á einhverju ástandi sem íþyngir okkur og er það mjög mikilvægt í vinnu með erfiðum börnum.

Það má alltaf gera betur, en síðasti skólavetur hefur gengið vonum framar í að halda skipulagi og faglegu starfi

Innra mat Krummalands

Nám barna gegnum leik. (sömu viðmið og að ofan Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

1. Á hvern hátt taka börnin þátt í öllu því sem leikskólinn hefur uppá að bjóða?

Það er ákveðin dagsskrá og dagsskipulag sem börnin fylgja daglega. Í því skipulagi er reynt að sinna öllum grunnþáttum barna bæði í leik og starfi og almennri ummönnun. Börn með sérþarfir fá auka tíma og stuðning sem hjálpar þeim í félagsmótun og kennir þeim og þjálfar almenna færni. Ákveðin stefna er innan leikskólans og dagskipulagið er mótað út frá því og áherslurnar í starfinu lagaðar að því.

2. Hvernig er tryggt að efniviður barnanna sé aldurssvarandi:

Leikföngin á hverri deild eru miðuð að þeim aldri sem börnin eru á t.d. á eldri deildum er flóknari efniviður notaður eins og einingakubbar, littlir legókubbar og hollowblock kubbar. Púslin eru flóknari, bækur eru með meiri texta heldur en myndum og farið er með krefjandi ljóð og vísur. Efniviðurinn nýtist mun betur vegna betri færni í hlutverkaleik eftir því sem þau þroskast og eldast.

3. Hvaða efniviður býður upp á skapandi nám?

Hollowblock kubbar, einingakubbar og búningar mest þó leikur hvort sem hann sé inni eða úti. Í útiverunni er hægt að nota náttúruna á svo fjölbreyttan og skapandi hátt. Flest allur efniviður á leikskólanum býður upp á skapandi nám og börnin nýta allan leik til sköpunar hvort sem Einingakubbarnir eru notaðir við gerð bygginga eins með Hollowblock kubbana sem eru notaðir við gerð bíla og bygginga.

4. Á hvern hátt eiga börnin möguleika á vali?

Með frjálsu vali sem er mjög eflandi fyrir þroskann þá læra þau að það er ekki alltaf hægt að fá það sem maður vill og þetta reynir á rökhugsun þeirra þar sem þau þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir um hvað þau velja sér að gera. Þau hafa val í matartímanum hvort þau vilja mikið eða lítið á diskinn sinn og eins fá þau að velja álegg í kaffitímanum á brauðið sitt. Teiknistundirnar eru frjálsar á morgnanna. Þau fá að velja valstöðvar og fá að velja sér bækur til lesturs.

5. Hvernig er jafnvægi milli frjálsra leikja og athafna sem er stjórnað af fullorðnum?

Það eru ákveðnar stundir sem það er skylda fyrir börnin að taka þátt í eins og samverustundir, útiveru, skólastundir, framsögn og tjáning, myndlist, hreyfing og vettvangsferðir. Allt utan þessara stunda er frjáls leikur. Það er helmingað jafnvægi á milli frjáls leiks og athafn stjórnað er af fullorðnum.

6. Hvernig er ýtt undir sjálfstraust barnanna í samtölum við þau?

Við endurtökum frekar en að leiðrétta þau. Við hrósum óspart í öllum athöfnum fyrir það sem vel gengur. Við tökum alltaf vel á móti börnunum eins kveðjum við börnin vel. Við leyfum þeim að viðra sínar skoðanir og svörum þeim með virðingu nema um sé að ræða ókurteisi eða dónaskap. Við erum með ramma, reglur, aga, virðingu og væntumþykju og börnunum líður vel sem gerir það að verkum að sjálfstraust þeirra eflist.

7. Hvernig eru faglegar spurningar til barnanna?

Við spyrjum opinna spurninga. Við tölum ekki niður til barnanna, né gerum lítið úr þeim. Við yfirheyrum ekki börn ef þeim líður illa en látum þau vita að við erum til staðar.

Fagmennska starfsmanna. (sömu viðmið og að ofan)
Viðmið um gæði. (sömu viðmið og að ofan)

Niðurstöður matsins

Samheldin hópur starfsfólks og áhugasamt fólk gerði starfið skemmtilegt og ögrandi. Vegna elju og vilja starfsfólks var haldið utan um skipulagt starf vel og þó það væri mannekla þá lét starfsfólkið hlutina oftast ganga upp.

Styrkleikar deildarinnar:

Deildin er búin að vera með mjög krefjandi barnahóp og styrkleikinn er sá að fólkið er áhugasamt, duglegt og jákvætt og það sem einkenndi starfið þegar erfiðleikar komu upp var að fólkið ræddi málin, valdi sér viðhorf til starfsins og barnanna og hjálpaðist að.

Veikleikar deildarinnar:

Veikleikarnir fannst okkur vera stundum of mikið að gera og okkur fannst við ekki geta sinnt öllu eins vel og við vildum. Eins fannst okkur „stilltu“ börnin fá of litla athygli, vegna annara krefjandi barna.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Þátttaka í leik og samvera með börnunum.	Sinna öllum börnunum meira og sýna þeim meiri athygli	Búa markvisst til stundir 1x á dag með fáum börnunum í hóp. Fara með þeim í leik, samveru og spjall	Septembe r 2018 – júlí 2019	Í sameiningu gerir deildin plan um hverjir sinna markvisst þessum stundum, einn verður gerður að ábyrgðarmanni yfir þessum stundum en allir taka þátt.	Allir hjálpast að og við einsetjum okkur að vera með virka hlustun og skýr skilaboð.	Við munum fara yfir og meta hvort við séum að ná settum markmiðum á deildarfundum á 1-2 mánaða fresti.

Endurmat frá börnunum.

Þess má geta að 3 deildir, sem eru með börn 3-5 ára gerðu innra mat á meðal barnanna.

Matið en enn í þróun og þess vegna eru niðurstöður ekki tilbúnar til birtingar nú. Þær hafa hins vegar gefið okkur ágætis vísbendingar um hvaða í daglegu vinnuumhverfi barnanna má betur fara. Fram hefur komið að einstaka barni líður ekki nógu vel í matartímum og einstaka líður ekki nógu vel í útiver. Matið fer þannig fram að spurningalisti er lagður fyrir barnið sem svarar með því að setja broskarl ☺ allt í lagi karl :- eða fílukarl ☹ við hverja spurningu.

3 Ytra mat

Ekki var gert ytra mat í Rofaborg skólaárið 2017 – 2018.

Reykjavíkurborg var með starfsmannakönnun í lok janúar og fram í febrúar 2018. Það var lögð spurningakönnun fyrir alla starfsmenn og hinir ýmsu þættir í starfsumhverfi og stjórnun kannaði. Niðurstöður voru settar fram á skalanum 1-5. Niðurstöður voru mjög góðar og í heild voru niðurstöður yfir meðallagi annarra skóla í Reykjavík. Helstu niðurstöður úr könnuninni voru;

Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4.22

Árangursríkir stjórnunarhættir 4.34

Starfsánægja 4.44

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4.37



4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

1. Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?

Það eru 8 börn sem fá sérkennslu í leikskólanum en 10 starfsmenn koma að sérkennslunni.

2. Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.

Málörvunarhópar eru á hverri deild og það er einn starfsmaður sem sinnir þessum hópum. Hennar starf er einungis að sjá um málörvun leikskólans og hún heldur um áætlanir um þau mál. Við erum búin að vera með ákveðið starf í gangi einnig sem kallast „10 mínútna reglan“ og hún snýst meðal annars um að veita börnum sem þurfa málörvun 10 mínútur á dag í örvun. Þetta starf er í höndum starfsmanna á deildum og skiptist niður á alla. Lubbi finnur málbein er síðan kominn inn í starf á öllum deildum.

3. Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig er þær notaðar í starfinu?

Sérkennslustjóri gerir einstaklingsáætlun fyrir barn í samráði við þá sem koma að stuðningi. Teymi eru í kringum börnin og fundir og einstaklingsáætlanir eru hannaðar af því sem fram fer á fundum sem og af kynnum við barnið. Einstaklingsáætlanir eru síðan hafðar til hliðsjónar þegar kemur að þjálfun þessara barna og eru endurmetnar reglulega af sérkennslustjóra og þeim sem sér um þjálfun. Þá eru ný markmið sett og nýjar áherslur fara af stað.

4. Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.

Teymi eru í kringum öll börn sem eru með stuðning og það er fundað reglulega, á sirka 6 vikna fresti. Í þessum teymum eru foreldrar, starfsfólk leiksskólans og starfsmenn þjónustumiðstöðvar. Starfsmenn Greiningarstöðvar koma einnig að einhverjum teymum og einnig bjóðum við sjúkrapjálfurum og talpjálfurum barna á fundi inn á milli ef að börn eru að fá þá þjónustu. Þar fá foreldrar og starfsfólk ráðgjöf og rætt er um þær leiðir sem best er að nota til að hjálpa börnunum.

5. Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir

Samstarf við þjónustumiðstöð er mikið og eru ýmsir aðilar frá þeim sem koma að málum barna og veita fræðslu. Í öllum okkar teymum er sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð og/eða hegðunarráðgjafi. Síðan er sálfræðingur frá þjónustumiðstöð oft kallaður inn á teymisfundi ef að þörf er á. Síðan eru samráðsfundir með starfsmönnum frá þjónustumiðstöð haldnir sirka tvisvar á ári.

Samstarf er með Greiningarstöð og eru aðilar frá þeim inn í teymum hjá einhverjum börnum en þó ekki öllum. Við höfum verið að fá ráðgjöf frá þeim í sumum tilfellum og getum haft samband við þær. Við höfum verið að fá þær á teymisfundi þegar við teljum þörf á.

Nokkur af þeim börnum sem eru með stuðning sækja talþjálfun og/eða sjúkrapjálfun og við erum í samstarfi við þá aðila sem sinna þeim í þessum stundum. Við höfum fengið ráð og æfingar hjá þeim og einstaklingsáætlanir barnanna taka mið af þeim upplýsingum sem við fáum frá þessum aðilum.

6. Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.

Samvinna við deildarstjóra hversrar deildar er mikil og þær leita til sérkennslustjóra og sérkennslustjóri til þeirra. Sérkennslustjóri setur upp skipulag fyrir þau börn sem þurfa á því að halda í samráði við starfsfólk á deildum (deildarstjóra og stuðningsaðila) og endurskoða einstaklingsáætlanir í samráði starfsfólk sem sér um stuðninginn. Ef að hlutirnir eru ekki að ganga vel leita starfsmenn til sérkennslustjóra og reynt er að finna nýjar leiðir í sameiningu. Ef hlutirnir eru að ganga vel eru einstaklingsáætlanirnar endurmetnar í sameiningu. Sérkennslustjóri reynir að vera sýnileg inn á deildum og veitir aðstoð og ráðgjöf sem og hjálpar þeim börnum sem eru með stuðning á alls konar hátt.



5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Rofaborg er með 25 börn sem eru með annað móðurmál en íslensku. Það er um 25% af heildarfjölda. Í apríl 2018 var ráðinn verkefnastjóri fjölmenningar. Það er leikskólakennari sem hefur minnkað við sig vinnu og starfar við það í 49% starfi. Þannig er fjármagnið sem leikskólinn fékk nýttur í laun verkefnastjóra.

- **Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?**

- Verkefnastjóri fjölmenningar sótti á vordögum fræðslufund um fjölmenningarlegt leikskólastarf. Sérkennslustjóri hefur einnig sótt fræðslu um fjölmenningu í leikskólastarfi.

- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**

- Verkefnastjóri er með markvissa vinnu til að auka daglegan orðaforða barnanna. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og margs konar hjálpargögn.
- Orðaforði er dýpkaður með því að fara yfir lista með líkamsheitum, og farið er yfir notkun afstöðuhugtaka svo eitthvað sé nefnt. Við þetta má bæta að notaðar eru fjölbreyttar myndir af atburðum og hlutverkum sem fjallað er um með börnunum. Myndum af atburðum er raðað til að búa til sögur og einnig eru notaðir söguteningar til að leika sér með sögur. Farið er í þrautir og unnið er með tölustarfi og talnagildi sem og liti og form. Lesnar eru örsögur og spurningum úr sögunni varpað til barnanna. Þau eru þjálfuð í að muna heimilisföng, afmælisdaga og fleira sem tengist nærumhverfi þeirra. Þá eru einnig spil eins og bingo og samstæðuspil notuð mikið til að útvíkka orðaforðann.
- Hjá yngstu börnunum hefur nær eingöngu verið lesið úr léttum barnabókum og skoðaðar myndir úr bendibókum til að ná trausti þeirra og örva þau í íslensku.

- **Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna?**

- Verkefnastjóri hefur útbúið gátlista til að fylgjast með getu og framförum barnanna.
- **Er hugað að öllum þáttum máls?**
- Sérstaklega er hugað að því að málskilningur barnanna sé góður. Það er metið í daglegum samskiptum og í daglegum athöfnum með börnunum og þar koma allir starfsmenn sem vinna með börnin að þeirri vinnu.
- Það eru unnið með hljóðkerfisvitund barnanna með því að klappa orð í atkvæði í margs konar leikjum sem tengjast málörvun og hljóðkerfisvitund.

- **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**

- Þegar börn foreldra sem ekki tala íslensku koma í leikskólann er ætíð fenginn túlkur í fyrsta viðtal.
- Sendur er tölvupóstur á ensku til þeirra foreldra sem hafa óskað eftir því. Í Rofaborg starfar pólskur starfsmaður sem hefur gott vald á íslensku. Hún hefur í nokkrum tilfellum komið skilaboðum til pólskra foreldra þegar það hefur átt við.
- Símatúlkun hefur verið notuð talsvert til að koma upplýsingum og skilaboðum til foreldra.
- Í fyrsta viðtali eru foreldrar ætíð hvattir til að tala sitt móðurmál við barnið og að lesa fyrir barnið á sínu móðurmáli. Við sjáum um að kenna barninu íslensku og lesa fyrir það á íslensku.
- Ef aðlögun barna með erlend móðurmál gengur illa höfum við í einstaka tilfellum fengið aðila til okkar sem talar tungumál barnsins til að vera inni á deildinni og styðja við barnið á meðan aðlögunin gengur yfir. Í einu tilfelli var það mikill stuðningur fyrir barnið að heyra tungumálið sitt og það breytti aðlögunarferlinu til batnaðar.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Samtölin munu skiptast í eftirfarandi;

- **Samtöl við deildarstjóra tvisvar á skólaári**

Markmið: hverjar eru helstu áskoranir sem deildarsjórinn stendur frammi fyrir núna. Á hvern hátt er hægt að styðja deildarstjóra til að vera með fagleg vinnubrögð við stjórnun starfsmanna og við stjórnun uppeldisstarfsins.

- **Nýliðasamtöl.** Eiga sér stað eftir 4-6 vikur í starfi

Markmið: Hvernig líður þér í vinnunni og hvernig hefur gengið? Á hvern hátt er hægt að styðja og styrkja starfsmanninn. Farið er yfir starfsmannahandbók Rofaborgar.

- **Samtöl við aðra starfsmenn.** Einu sinni á ári.

Markmið: Hvernig líður þér í vinnunni og hvernig hefur samstarf- og samvinna við aðra starfsmenn, foreldra og stjórnendur gengið í vetur? Hvað vill starfsmaðurinn sjálfur tala um?

- **Starfslokaspjall.** Við starfsmenn sem hætta störfum.

Markmið: Farið er yfir liðinn tíma og möguleika starfsmanns að koma aftur til starfa seinna.

Áætlað er að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipti samtölunum á milli sín.

Áætlun um símenntun fyrir næsta skólaár.

- Nokkrir leikskólar í Árbæ ætla að taka sig saman og vera með sameiginlega fræðslu á skipulagsdegi 12. nóvember 2018. Ætlunin er að fá Vöndu Sigurgeirsdóttur til að fjalla um einelti leikskólabarna og hvernig það birtist á þessum aldri, viðbrögð og forvarnir.
- Endurmenntunarstofnum Háskóla Íslands er með mörg tilboð fyrir leikskólastarfsfólk. Má þar nefna núvitund í uppeldi barna, gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin, kvíði barna og unglinga og tengslavandi hjá leik- og grunnskólabörnum. Starfsmannahópurinn er að skoða þessi tilboð.
- Námskeið í slysavörnum og viðbrögðum við slysum á börnum í umsjón Herdísar Storegard

7. Foreldrasamvinna

Foreldraráð.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar 2014. Í foreldraráði Rofaborgar sitja 4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Haustið 2018 þarf að kjósa nýjan fulltrúa í foreldraráðið eins og reglur gera ráð fyrir.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitarferð, fjölskylduhátíð og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkunum við útskrift elstu barna.

Foreldrafundir

Foreldrafundur verður að hausti fyrir allar deildir í einu. Í ágúst er fundur með foreldrum yngstu barna sem komu í aðlögun á tímabilinu ágúst – september 2018. Það hefur komið vel út að vera með þennan fund skömmu eftir að börnin hefja aðlögun.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða á tímabilinu nóvember 2018 – maí 2019. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2018 komi í viðtal fyrir áramót og einnig u.þ.b helmingur barna af hverri deild. Eftir áramót, á tímabilinu janúar 2019 – apríl 2019 kemur hinn helmingurinn og þeir sem vilja fá annað viðtal. Það hefur hentað vel að dreifa viðtölunum á nokkra mánuði og við leifum foreldrum að velja tíma eftir kl. 14 á daginn.

Uppákomur fyrir foreldra.

- Jólakakó foreldra og barna í byrjun desember. Boðið upp á kanilsnúða og piparkökur sem börnin hafa bakað.
- Karlaheimsókn í kringum bóndadaginn. Þá bjóða börnin körlunum í lífi sínu að koma í leikskólann og eiga notarlega stund.
- Kvennaheimsókn í kringum konudaginn. Þá bjóða börnin konunum í lífi sínu að koma í leikskólann og eiga notarlega stund.
- Opið hús í apríl /maí. Boðið upp á kaffi og kleinur og börnin syngja, sýna dans eða söngleik.

8. Samstarf leik- og grunnskóla *(Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)*

Löng hefð er fyrir samvinnu Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja samstarfið allt til ársins 1987. Markmið samstarfsins er;

- Að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heildstæðu námi barna.
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Áætlun fyrir skólaárið 2018-2019

September

Heimsókn leikskólabarna á bókasafn Árbæjarskóla. Starfsmaður bókasafnsins tekur á móti hópnum og les sögu.

Október

Heimsókn nemenda í 1. bekk á leikskólana í um 2 kls. Börnin fá ávexti og taka þátt í leik með leikskólabörnunum.

Nóvember

Dagur íslenskrar tungu - Heimsókn leikskólabarna í hátíðarsal skólans. Börnin stíga á svið og flytja söng eða þulu sem er hluti af dagskrá hátíðarinnar.

Smiðjudagur fyrir leikskólabörn í Árbæjarskóla sem eru venjulega seinni partinn í nóvember.

Desember

Heimsókn leikskólabarna í skólann

Leikskólabörnin mæta á jólastund með 1. bekk.

Febrúar

Dagur stærðfræðinnar

Mars-apríl

Heimsóknir leikskólabarna í daglegt starf 1. bekkjar. Farið er inn í kennslustund, í matsal og í fríminútur.

Maí

Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í Árbæjarskóla.

Júní

Rofaborg og Árbæjarskóli fara saman í útikennslu á grenndarsvæði leikskólans. Ferðin er skipulögð af starfsmönnum Rofaborgar.

9. Skipulagsdagar.

7. september – Skipulagsdagur í Rofaborg

12. október – Skipulagsdagur í Rofaborg

12. nóvember – Skipulagsdagur sameiginlegur með Árbæjarskóla og Ártúnsskóla

7. febrúar – sameiginlegur með Árbæjarskóla og Ártúnsskóla

22. mars – Skipulagsdagur sameiginlegur með Árbæjarskóla og Ártúnsskóla

10. maí – Skipulagsdagur í Rofaborg

10. Fylgigögn

- a. Matsgögn
- b. Skóladagatal 2018-2019
- c. Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans

Þórunn Gyða Björnsdóttir
leikskólastjóri

13. júlí 2018.

Endurmat 11. maí 2018 – Rofaborg

Gæðaviðmið um fagmennsku starfsmanna eru rauðar fullyringar.

Ræðið og svarið spurningunum fyrir neðan.

1. Stefna leikskólans birtist í starfi á deildum.

Hvernig birtist stefna Rofaborgar í starfi á deildum?

2. Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans.

Hversu ánægt er starfsfólk með markmið og stefnu Rofaborgar?

3. Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum?

Hversu ánægt er starfsfólk með framkvæmd stefnunnar í Rofaborg

4. Faglegur metnaður einkennir starf deilda.

Hvernig birtist faglegur metnaður í starfi deilda í Rofaborg?

5. Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt.

Hvernig er samstarfi og samábyrgð starfsfólks innan deilda háttað?

6. Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda.

Hvernig er samstarfi barna og starfsfólks milli deilda háttað?

7. Starfsfólk sækir símenntun

Hversu mikið sækja starfsmenn símenntun?

8. Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvort anna

Hversu mikið leiðbeinir, hvetur og styður starfsfólk hvort annað?

9. Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra eru börnin, nám þeirra og staða.

Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Hversu reglulega eru deildarfundir og er innihald þeirra í samræmi við gæðaviðmið?

10. Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið.

Hvernig er tekið í hugmyndir starfsmanna um nýjungar í starfsháttum á deildum og í leikskólastarfinu í heild?

Lykilþáttur 3 – Barnið í brennidepli – 2. janúar 2018

Nám barna í gegnum leik

Viðmið um gæði (Gæðanám á að vera með þessum hætti)

Börn taka þátt í öllu því sem leikskólastarfið hefur upp á að bjóða. Efniviður til leikja er aldurssvarandi á deildum og bíður upp á skapandi nám. Börnin eiga möguleika á vali. Gott jafnvægi er á milli frjálsra leikja og athafna sem stjórnað er af fullorðnum. Samtöl starfsfólks við börnin í leiknum byggja upp sjálfstraust og eru hvetjandi. Spurningar til barna eru faglegar, hlustað er á svör barnanna og þau notuð á gagnlegan hátt.

1. Á hvern hátt taka börnin þátt í öllu því sem leikskólinn hefur upp á að bjóða?
2. Hvernig er tryggt að efniviður barnanna sé aldurssvarandi?
3. Hvaða efniviður bíður upp á skapandi nám?
4. Á hvern hátt eiga börnin möguleika á vali?
5. Hvernig er jafnvægi milli frjálsra leikja og athafna sem er stjórnað af fullorðnum?
6. Hvernig er ýtt undir sjálfstraust barnanna í samtölum við þau?
7. Hvernig eru faglegar spurningar til barnanna?

Umræður þurfa að svara eftirfarandi spurningum. Skrifðu niður svörin.

	4	3	2	1
Börnin taka þátt í öllu sem leikskólinn hefur upp á að bjóða				
Efniviður barna á deildinni er aldurssvarandi				
Allur efniviður bíður upp á skapandi nám				
Börnin eiga möguleika á vali				
Það er gott jafnvægi milli frjálsra leikja og stjórnaðra athafna				
Starfsfólk á uppbyggjandi og fagleg samtöl við börnin				
	4	3	2	1

Stigin:

- 4 - mjög gott
- 3 - gott – fleiri styrkleikar en veikleikar
- 2 - sæmilegt – nokkrir áberandi veikleikar
- 1 - ófullnægjandi

Lokaspurningar.

- Hvar stöndum við?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað ætlum við að gera næst?

Greinargerð um starf Spóalands

Skólaárið 2017-2018

Efnisyfirlit

Skipulag deildarinnar 2017-2018:	2
Vinna í lotum:	2
Útikennsla- náttúran og umhverfið:	2
Málrækt og læsi- þjóðsögur og ævintýri:	2
Fjölmenningsvika:	3
Jólaundirbúningur:	3
Vísindastarf:	3
Málrækt og læsi- framsögn:	4
Útikennsla- náttúran og umhverfið:	5
Sumarstarf:	5
Annað:	6
Dagskipulag	7
Ígrundun	8

Skipulag deildarinnar 2017-2018:

Á Spóalandi voru 25 börn, 13 stelpur og 12 strákar. Deildin skiptist síðan í tvo hópa eftir fæðingarári. Í Skólahóp voru 12 börn fædd árið 2012 (6 stelpur og 6 strákar) og í Krummahóp voru 13 börn fædd árið 2013 (7 stelpur og 6 strákar). Kynjahlutfallið var því jafnt bæði á deildinni allri og í tveimur hópum deildarinnar.

Vinna í lotum:

Skólaárinu var skipt upp í sjö lotur sem hver og ein einkenndist af ákveðnu þema og út frá þemanu var unnið í ákveðinn tíma. Loturnar voru **útikennsla- náttúran og umhverfið**, **málrækt og læsi- þjóðsögur og ævintýri**, **jólaundirbúningur**, **vísindastarf**, **málrækt og læsi- framsögn**, **útikennsla- náttúran og umhverfið** og **sumarstarf**. Inn í þetta fléttaðist **fjölmenningsarvika** en í henni var einnig unnið með þema, þ.e. valin lönd sem börn á leikskólanum tengjast.

Útikennsla- náttúran og umhverfið:

Í lotunni **útikennsla- náttúran og umhverfið** var lögð áhersla á útiveru og útikennslu. Við fórum í göngutúra einu sinni í viku og lærðum um okkar nánasta umhverfi. Kennsluaðferðir okkar í göngutúrum voru einna helst samræður um hina ýmsu hluti sem okkur urðu á vegi en einnig notuðum við leiki, þar á meðal útibingó.



Hér má sjá myndir frá útibingóinu.

Málrækt og læsi- þjóðsögur og ævintýri:


Í lotunni lögðum við áherslu á lestur og vinnu tengda þjóðsögum og ævintýrum. Starfsmenn leikskólans settu síðan upp leikritið *Geiturnar þrjár* í lok lotunnar. Í lotunni unnum við einnig samvinnuverkefni með foreldrum sem heitir *Lestrarormurinn* og fól í sér að lesa með börnunum, heima og í leikskólanum.



Hér má sjá mynd frá sýningu starfsmanna á leikritinu *Geiturnar þrjár*

Fjölmenningarvika:

Í fjölmenningarvikunni unnum við með lönd tengd börnum á leikskólanum. Í ár voru það Pólland, Tæland, Ástralía og Portúgal. Við fengum bréf frá hverju landi sem fjallaði um menningu landsins og innihélt myndir. Út frá bréfinu unnum við svo ýmis verkefni, hlustuðum á tónlist og fleira.



Hér má sjá myndir af barni með hluti tengda Ástralíu sem hann lánaði okkur að heiman og bréf sem okkur barst með töfrateppinu frá Ástralíu og fjallaði um menningu Ástrala.

Jólaundirbúningur:

Jólaundirbúningurinn fól í sér jólaföndur, piparkökubakstur, jólasöngva og jólagjafagerð með börnunum. Einnig fengum við heimsókn bæði frá jólaálfum og leikkonu sem sagði okkur sögur tengdar jölunum og fórum í heimsókn í Árbæjarkirkju.



Hér má sjá myndir frá jólaundirbúningi okkar á Spóalandi.

Vísindastarf:

Vísindastarfið hófst á vasaljósadögum þar sem að börnin tóku með sér vasaljós að heiman og fengu að nota þau á morgnana, bæði inni og úti í myrkrinu. Við fórum í göngutúr einn morguninn og rannsökuðum umhverfið með vasaljósunum.



Hér má sjá myndir úr starfi okkar á vasaljósadögum.

Næst tók við þriggja vikna vinna með stöðurafmagn þar sem við gerðum t.d. tilraunir með blöðrur og áldósir. Við spiluðum spil tengt rafmagnstækjum og lærðum um eldingar m.a. með því að hlusta á þrumur og dansa í takt við þær.



Hér má sjá myndir sem börnin gerðu af sér eftir tilraunina með blöðruna og áldósina.

Næstu þrjár vikurnar lærðum við um geiminn og sólkerfið okkar. Við unnum ýmis konar verkefni, hlustuðum á sögu og tónlist tengda tunglinu, gerðum okkar eigin sögu um geimferð og geimveru og teiknuðum myndir út frá því sem við lærðum. Við horfðum einnig á myndband um pláneturnar og ræddum saman.



Hér má sjá myndir af börnunum að teikna myndir af plánetunum í sólkerfinu annars vegar og spjalla saman um ljósið og pláneturnar hins vegar.

Málrækt og læsi- framsögn:

Lotan fól í sér allskyns framsagnar- og tjáningaræfingar og þjálfun í því að koma fram. Vinnan var misjöfn eftir hópum (Skólahóp og Krummahóp). Hjá Skólahóp var mikil áhersla lögð á verkefni tengd þátttöku barnanna í Barnamenningarhátíð í Hörpunni. Þau lærðu sex lög sem þau æfðu stíft og sungu fyrir áhorfendur. Áhorfendur voru annars vegar eldri borgarar í Árbæjarkirkju og áhorfendur í Hörpu hinsvegar. Krummahópur var í ýmis konar framsagnaræfingum í hópastarfi og í samverustundum var lögð áhersla á að börnin segðu frá upplifunum og tilfinningum eins og t.d. helgarfríi. Í lok lotunnar héldum við opið hús þar sem að báðir hóparnir komu fram fyrir foreldra og ættingja. Skólahópur söng lagasyrpu og fór með frumsamið ljóð en Krummahópur sýndi dansa.



Hér má sjá börnin í tjáningu með táknum og söng fyrir áhorfendur.

Útikennsla- náttúran og umhverfið:

Í lotunni var lögð ríkuleg áhersla á útiveru í formi leiks og gönguferða.



Myndirnar sína frá fjölbreytilegri útiveru barnanna.

Sumarstarf:

Sumarstarfið einkenndist mest af afslöppun og útiveru en einnig viðburðum eins og útskrift elstu barna, sumarhátíð Rofaborgar, fjallgöngu Skólahóps upp á Úlfarsfell, ferðum á tvær leiksýningar Brúðubílsins og afmælisveislu sem haldið var fyrir þau börn sem eiga afmæli á meðan leikskólinn er lokaður.



Myndirnar sýna frá sumarstarfi Spóalands.

Annað:

Vinna okkar á líðandi önn var fjölbreytt og inn í loturnar tvinnuðust ýmsir viðburðir og verkefni. Sem dæmi má nefna *karla- og konuheimsóknir* þar sem að körlum og konum tengd börnunum var boðið í heimsókn. Boðið var upp á morgunmat og öllum boðið að lita saman á bylgjupappír sem þakti gólfið.

Kærleikstré Spóalands var annað samvinnuverkefni unnið með foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum barnanna. Börnin máluðu stórt tré sem við síðan festum upp á vegg. Þau skreyttu síðan lítil hjörtu og skrifuðu nafnið sitt á þau. Á opnu húsi buðum við síðan fjölskyldum barnanna að gera sambærileg hjörtu sem við söfnuðum á tréð.

Orð vikunnar er málörvunarverkefni sem fól í sér kynningu á orðum valin út frá orðaforðalista Menntamálastofnunar og kennslu á notkun þeirra. Orðin voru þematengd og valin eftir því hvaða lota var í gangi hverju sinni. Önnur málörvunarverkefni voru t.d. *Tíu mínútna reglan* og svo kallaðir *málörvunarhópar* sem fengu mismunandi verkefni eftir þörfum.

Ýmislegt annað var gert á líðandi önn sem var þroskandi, styrkjandi, fræðandi og ekki síst skemmtilegt fyrir börnin jafnt sem starfsfólk deildarinnar.




Myndin sýnir Kærleikstréð og leikmyndir sem börnin gerðu fyrir opna húsið.

Dagskipulag

Dagskipulag Spóalands var örlítið mismunandi eftir hópum. Hjá öllum börnum byrjaði dagurinn á rólegri stund og síðan morgunmat. Eftir morgunmat tók við val/fráls leikur þar sem að deildin blandaðist með Krummalandi en það er breyting sem var gerð fyrir önnina þar sem við vildum leggja meiri áherslu á samvinnu Spóalands og Krummalands. Eftir frjálsa leikinn tók við ávaxtastund og samvera og síðan hófst skipulagt starf eða útivera.

Samverustundir voru nýttar í lestur bæði í stórum hóp og einnig í tveimur minni hópum, söng, samræður og ýmsa leiki. Einnig höfðum við lestrarstund og þá í seinni samverustundinni þar sem að börnin fengu sjálf að skoða bók. Við bjuggum til reglur í samvinnu við börnin sem við skírðum *Bókareglur Spóalands* og þeim reglum fylgdu eftir bestu getu og fengu stig fyrir hverja reglu og tókst að fylgja hverju sinni. Ef þeim tókst að fá stig fyrir þrjár eða fjórar reglur (af fjórum) þá fengu þau miða upp á vegg sem táknaði góðan árangur.



Hér má sjá miðann og Bókareglur Spóalands.

Skipulagt starf var mismunandi eftir dögum. Á mánudögum voru hreyfistundir í lðu og myndlist í Regnboga. Á þriðjudögum voru skólastundir eða útikennsla hjá Skólahóp og ýmist útikennsla eða leikur að læra hjá Krummahóp. Á miðvikudögum var skólahópur líka í skólastundum en Krummahópur í framsagnaræfingum eða annarri málörvunarvinnu. Fimmtudagar voru að mestu leyti ferðadagar hjá Skólahóp en þau fóru í margar ferðir á hina ýmsu staði. Sem dæmi má nefna Hvalasafnið, í leikhús, á Þjóðminjasafnið, á Alþingi og útskriftarferð á Þingvelli. Krummahópur vann mismunandi og fjölbreytt verkefni á meðan en þau fóru í nokkrar ferðir yfir önnina á bókasafnið og eina á Þjóðminjasafnið. Föstudagar voru síðan útidagar.



Hér má sjá myndir úr ferðum Skólahóps.

Eftir skipulagt starf var önnur samvera og síðan hádegismatur. Síðan fóru börnin í hvíld og eftir hana var ýmist farið út í frjálsan leik eða leikið inni. Síðdegiskaffið braut upp frjálsa leikinn og síðan var haldið áfram að leika. Á föstudögum var föst söngstund með öllum leikskólanum.

Ígrundun

Önnin 2017-2018 gekk að miklu leyti vel og margt sem að stendur upp úr. Ferðirnar voru vel heppnaðar sem og þeir viðburðir sem héldnir voru eins og útskrift, opna húsið og karla- og konuheimsóknirnar. Blöndun Spóalands og Krummalands í frjálsum leik kom vel út og er á allan hátt eitthvað sem við munum þróa áfram í okkar starfi. Útikennslan hefði þó mátt vera meiri og áhrifaríkari en vegna veðurs var hún oft erfið í framkvæmd og því í minna megni en vilji var fyrir. Loturnar voru skemmtilegar og þá stóð *vísindastarfið* upp úr með mjög flottum verkefnum og þemavinnu sem var unnin í góðri samvinnu við starfsmenn annarra deilda.

Það gekk vel að halda skipulögðu starfi og því ber mest að þakka úrræðagóðu og jákvæðu starfsfólki. Starfsmenn deildarinnar búa yfir góðum og ólíkum kostum sem nýttust vel. Við reyndum eftir mestu megni að halda skipulagi og/eða bregðast við breytingum þannig að ekki yrði dregið úr gæðum starfsins og allra síst gleði barnanna.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F Uppl. um skil á starfsáætlunum fer fyrir skóla- og frístundaráð		1 L Fullveldisdagurinn		1 Þ Nýársdagur		1 F Dagur stærðfræðinnar		1 F		1 M		1 M Barnamenningarhátíð/Verka		1 L		1 M Skil á starfsáætlun	
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F Barnamenningarhátíð		2 S Sjómannadagurinn		2 Þ	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F Barnamenningarhátíð		3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M Bolludagur		4 F		4 L Barnamenningarhátíð		4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ Sprengidagur		5 F		5 S Barnamenningarhátíð		5 M		5 F	
6 M Frídagur verslunarmanna		6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S Þrettándinn		6 M Dagur leikskólans		6 M Öskudagur		6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 F		7 M		7 F Leikskólaráðstefnan		7 F		7 S		7 Þ		7 F Skólaslit í grunnskólum		7 S	
8 M		8 L Dagur læsis		8 M		8 F Baráttudagur gegn einelti		8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S Hvítasunnudagur		9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M Annar í hvítasunnu		10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M Samráð leikskólastjóra		13 F		13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 F		14 M		14 F		14 F		14 S Pálmisunnudagur		14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S Dagur íslenskrar náttúru		16 Þ		16 F Dagur íslenskrar tungu		16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F Leikskólastjórafundur		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 M Samráð leikskólastjóra		17 F		17 S Konudagur		17 S		17 M		17 F		17 M Lýðveldisdagurinn		17 M	
18 L		18 Þ		18 F Vetrarfrí		18 S		18 Þ		18 F		18 M		18 M		18 F Skírdagur		18 L		18 Þ Samráð leikskólastjóra		18 F	
19 S		19 M		19 F Vetrarfrí		19 M Samráð leikskólastjóra		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F Föstudagurinn langi		19 S		19 M		19 F	
20 M Samráð leikskólastjóra		20 F		20 L		20 Þ Dagur mannréttinda barna		20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F Leikskólastjórafundur		20 L	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 M Samráð leikskólastjóra		21 F Alþjóðardagur móðurmálsins		21 F		21 S Páskadagur		21 Þ		21 F		21 S	
22 M Skólasetning		22 L		22 M Vetrarfrí		22 F Leikskólastjórafundur		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M Annar í páskum		22 M		22 L		22 M	
23 F Leikskólastjórafundur		23 S		23 Þ		23 F		23 S Þorláksmessa		23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M Samráð leikskólastjóra		24 M		24 L		24 M Aðfangadagur jóla		24 F Leikskólastjórafundur		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ Jóladagur		25 F Bóndadagur		25 M Vetrarfrí/Samráð leikskólans		25 M Samráð leikskólastjóra		25 F Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur		25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M Evrópski tungumáladagurinn		26 F Námskeiðsdagur leikstjóra		26 M		26 M Annar í jólum		26 L		26 Þ Vetrarfrí		26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F Leikskólastjórafundur		27 L Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn		27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F Leikskólastjórafundur		28 F Leikskólastjórafundur		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ Barnamenningarhátíð		30 F Uppstigningardagur		30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M Gamlársdagur		31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Rofaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólafur Jónsson

Ágústa Ósk Einars Sandholt

Hanna Kristín Rúnarsdóttir

Íris Dögg Gunnarsdóttir

Þórður Ingi Guðmundsson

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Rofaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2018 – 2019. Er það mat ráðsins að starfsáætlunin sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar setur leikskólum borgarinnar og að fjallað sé um öll þau atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá Reykjavíkurborgar fyrir leikskóla.

Strax frá upphafi leikskólagöngu barnanna er unnið að málþroska þeirra sem svo er unnið með alla skólagönguna í samræmi við aldur og getu hvers og eins. Þá eru þau hvött til að hugsa sjálfstætt og bera ábyrgð á sjálfum sér og er þeim leiðbeint í gegnum það ferli í gegnum alla leikskólagönguna sem svo eykst jafnt og þétt í samræmi við aukinn aldur og þroska barnanna. Einnig er þeim kennt á lýðræði, jafnrétti og mannréttindi og er því vel tvínað inni leik og starf barnanna þar sem þau þurfa að hlusta á og taka tillit til annarra og átta sig á mikilvægi málamiðlana þegar ekki eru allir sammála um leiðina sem skuli fara eða aðferðina sem skuli beitt. Sambland inni- og útikennslu er til fyrirmyndar og er nærumhverfi leikskólans gríðarlega vel nýtt til leiks og starfs. Aldur og þar með líkamlegir burðir barnanna eru látin ráða lengd og erfiðleika gönguferða og því hvað gert er og er hægt að finna eitthvað við allra hæfi í nær umhverfi leikskólans. Eins er það sérstaklega ánægjulegt hversu vel unnið er úr öllum þeim fjölbreytileika sem Elliðaárdalurinn hefur upp á að bjóða og fá börnin tækifæri til að kynnast og læra á náttúruna og nærumhverfi sitt.

Starfsfólk leikskólans allt er til fyrirmyndar og faglegt í sínum störfum og finnur ráðið ekki fyrir öðru með sín börn en að þeim líði vel í leikskólanum.

Það er mat ráðsins að faglega sé staðið að rekstri leikskólans og að þarfir barnanna séu ávalt hafðar í fyrirrúmi. Þá telur ráðið að vel sé hugað að aldri og þroska barnanna þegar kemur að virkjun þeirra til leiks og starfs og að stuðlað sé að því að hæfileikar hvers og eins njóti sín sem best. Ráðið vill einnig árétta ánægju sína með þær áherslur sem leikskólinn hefur lagt á undanfarin ár og heldur áfram að byggja ofan á og ber þar einna helst að nefna vísindastarfið sem tekið var inn í kennsluna á síðasta skólaári sem við teljum að hafi heppnast einstaklega

vel og verður spennandi að sjá því fram haldið á komandi vetri. Facebook síður deildanna hafa einnig vakið gríðarlega ánægju foreldra og leitt til þess að foreldrar eru mun virkari „þátttakendur“ í leikskólastarfi barna sinna og hefur ráðið ekki skynjað annað en almenna ánægju foreldra með þær.

Heilt yfir er leikskólinn Rofaborg vel rekinn og faglega staðið að öllu starfi leikskólans og teljum við enga ástæðu til að ætla annað en að komandi skólaár verði jafn gott og síðastliðin ár.

Foreldraráð Rofaborgar

Ólafur Jónsson

Ágústa Ósk Einars Sandholt

Hanna Kristín Rúnarsdóttir

Íris Dögg Gunnarsdóttir

Þórður Ingi Guðmundsson